

## Brunavarnir í fjöleignarhúsum

Á hverju ári verða eldsvoðar í fjöleignarhúsum sem valda mikilli hættu fyrir fólk auk þess sem eignatjón verður tilfinnanlegt. Oft má sjá að ástæðan fyrir því að hætta skapast er að öryggismálum í húsunum er ábótavant, bæði vegna þess að húsin eða umgengni íbúa þess eru ekki í lagi. Með því er t.d. átt við að safnað er saman brennanlegum hlutum í sameigninni. Til að auka öryggi og minnka möguleika á að bruni geti komið upp vill Brunamálastofnun koma eftirfarandi atriðum á framfæri sem geta stuðlað að auknu öryggi í fjöleignarhúsum.

### Brunahólfun

Með brunahólfun er átt við herbergi, eitt eða fleiri, sem eiga að þola eld í ákveðinn tíma þannig að þau gefi fólkinu sem er í þeim tíma til að komast úr byggingunni. Í fjöleignarhúsum á hver íbúð, stigagangur og geymslugangur að vera sérstakt brunahólf fyrir sig. Mjög mikilvægt er að stigagangurinn sé brunahólf til að tryggt sé að íbúar hússins geti flúið í gegnum örugga flóttaleið. Til að svo megi verða þurfa nokkur atriði að vera í lagi:

- 1) Allar hurðir sem liggja að stigagangi þurfa að vera sjálflokandi, reykþéttar með þan- og þéttalista og geta þolað bruna í að minnsta kosti 30 mínútur. Nýlegar hurðir eiga að vera með merkimiða í bakkanti sem gefur upp brunapol þeirra. Þarna er átt við hurðir að íbúðum og öðrum rýmum eins og t.d. þvottahúsum, geymslum eða geymslugöngum.
- 2) Frágangur hurða þarf að vera með réttum frágangi og viðurkenndum efnum fyrir t.d. þéttingar hurða í hurðagötum.

### Stigagangur

Mikilvægt er að stigagangar, sem tilheyra flóttaleiðum, séu öruggir. Þess vegna má ekki vera neitt í þeim sem getur orsakað hættu vegna eldsvoða. Með því er átt við eftirfarandi:

- 1) Gólfefni þurfa að vera gerð úr eldtregum efnum í flokki  $D_{fl-S_1}$  þannig að eldur nái ekki að breiðast út í þeim.
- 2) Í sameign má ekki setja upp eða safna saman hlutum sem geta valdið hættu ef kviknar í þeim.

### Útljós og neyðarlýsing

Brunamálastofnun mælir með því að sett séu upp neyðarlýsing og útljós þar sem stigagangar eru gluggalausir og í húsnaði fyrir aldraða og á barnaheimilum í samræmi við grein 5.4 í ÍST 150:2000.

### Stigagangur

Á hverju heimili ætti að vera til flóttaáætlun þar sem flóttaleiðir heimilisins eru þekktar og allir fjölskyldumeðlimir þekkjast.

### Öryggisbúnaður

Mörg dæmi sýna að öryggisbúnaður hefur bjargað mannlífum þegar eldur hefur komið upp.

Dæmi um slíkt getur verið:

- 1) Settir séu upp samtengdir reykskynjarar í hvern geymslugang og á hverja hæð sameignar.
- 2) Í hverri íbúð sé minnst einn reykskynjari, 6 kg ABC-slökkvitæki og eldvarnarteppi.
- 3) Sett séu upp 6 kg ABC-slökkvitæki og/eða brunaslöngur í sameignum svo sem geymslugangi, þvottahúsi og annars staðar þar sem þörf er á.
- 4) Í sameignum stærri fjöleignarhúsa sé sett upp sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi sem tengt er við stjórnstöð öryggismiðstöðvar.
- 5) Gera þjónustusamninga við viðurkennda þjónustuaðila um viðhaldið á búnaðinum. Einnig skulu eigendur einstakra slökkvitækja fara með sín tæki í eftirlit á hverju ári á viðeigandi þjónustustöð.
- 6) Skipta um rafhlöður í reykskynjurum einu sinni á ári. Algengt er að miða við jólin eða 112-daginn þann 11. febrúar.

### Svalir

Frá hverri íbúð þurfa að vera minnst tvær flóttaleiðir, önnur þeirra er um stigahúsið en hin getur verið um svalir. Svalir eru mikilvægur öryggisþáttur fjöleignarhúsa því þær eiga að tryggja flóttaleið frá íbúðinni ef ekki er hægt að nota stigaganginn. Þess vegna er nauðsynlegt að huga að eftirfarandi atriðum:

- 1) Hægt sé að komast með auðveldum hætti af svölunum ef ske kynni að þess þyrfti hvort sem um er að ræða af sjálfsdáðum eða með hjálp slökkviliðs. Þetta þýðir að ekki má vera búið að loka svalirnar af með svalalokunarkerfum þannig að erfitt sé að komast út eða að loftstreymi reyks sé hindrað af svölunum. Ef svalalokun er til staðar skal hún vera með þannig opnunarbúnaði að auðvelt sé að bjarga fólki af svölunum.
- 2) Ekki má vera mikið af búnaði á svölum sem veldur auknu brunaálagi.
- 3) Gasgrill þurfa að vera þannig að þau valdi ekki hættu. Ekki skal staðsetja þau það nálægt glugga að hitinn frá þeim sprengi þá eða það nálægt gluggum/hurðum að kviknað geti í gardínum.

### Sorplúgur

Sorplúgur eiga að vera reykþéttar og loftun upp úr sorprennunum þarf að fara upp úr þaki. Með því má tryggja að ef eldur kemur upp í sorpgeymslu að ekki berist reykur inn á stigaganginn sem er flóttaleið.

### Lagnir

Algengt er að lagnastokkar í fjöleignarhúsum tengi allar hæðir hússins saman þar sem ekki eru brunapéttingar í hæðarskilum. Dæmi um þetta getur verið loftræsing sem byggir á sjálfdragandi útsogi frá baðherbergjum. Í slíkum tilfellum er hver íbúð ekki sér brunahólf og því getur eldsvoði í einni íbúð haft áhrif á aðra þar sem algengt er við eldsvoða að reykur berist um lagnastokkana. Því er mjög mikilvægt að hafa brunalokur í lagnastokkum og tryggja að brunapéttingar milli hólfa séu gerðar með réttum viðurkenndum efnum og á réttan hátt skv. fyrirmælum framleiðanda.

**Geymslur**

Á geymslugöngum fjöleignahúsa geta verið nokkrar geymslur saman og mikið af brennanlegum efnum þar samankomið. Því er mikilvægt að geymslugangarnir séu brunahólfaðir frá stigaganginum með eldtraustri hurð (merkt EI60–CS í bakkanti hurðar). Varast skal að geyma þar hluti sem geta valdið hættu ef eldsvoði kemur upp. Eftirfarandi hluti má ekki geyma í geymslum:

- 1) Gaskúta
- 2) Skotelda (flugeldar, rakettur)
- 3) Yfir 5 lítra af bensíni eða olíum

**Bílageymslur og bílakjallarar**

Í sameiginlegum bílageymslum má ekki geyma neitt annað en bílinn og það sem tilheyrir honum svo sem dekk, bón eða smáskáp með slíkum vörum. Frá bílakjöllurum að stigahúsi skal gengið um „slúsu“ þar sem er stálhurð bílageymslumegin en timburhurð stigagangsmegin.

Til viðbótar þessu má benda á að SHS býður upp á ókeypis skoðun á brunavörnum fjölbýlishúsa ef húsfélagið biður um það.